

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Skilað inn á Skipulagsgátt

29. janúar 2024

Umsögn um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um færslu hringvegjar í Mýrdal.

Landvernd hefur undanfarin mörg ár ítrekað varað við að því myndu fylgja mikil og óbætanleg neikvæð áhrif á náttúrufar, landslag og upplifun ferðmanna í Mýrdal að leggja þjóðveg 1 í og við Dyrhólaós og um jarðgöng yfir á ströndina sunnan við Vík í Mýrdal. Ljóst var fyrir löngu síðan að hægt er að bæta umferðaröryggi umtalsvert með lagfæringum á núverandi vegstæði, breyta vegstæðinu í Gatnabrún, nýta trjárækt til að milda áhrif sviptivinda norðaustan við Reynisfjall og flytja vegstæðið norður og austur fyrir þéttbýlið í Vík til að draga úr gegnumumferð. Vísað er í athugasemdir Landverndar frá 26. janúar 2022: <https://landvernd.is/faersla-a-hringvegi-um-myrdal-umsogn/>

Stjórn Landverndar styður því þá megin niðurstöðu Vegagerðarinnar að vegstæði sem ganga undir heitinu 4 og 4b veiti umtalsverða bót á umferðaröryggi og hafa mun minni neikvæð áhrif á náttúrufar og umhverfi en aðrir valkostir sem hafa verið skoðaðir. Frá sjónarhóli Landverndar er valkostur 4 sá heppilegasti þar sem minna ræktarland er lagt undir vegstæðið en í valkosti 4b.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar

*Virðingarfyllst
Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður.*

https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/2168/20358_samantekt_231129.pdf

<https://landvernd.is/faersla-a-hringvegi-um-myrdal-umsogn/>